

Alþingi
Erindi nr. þ 141/753
komudagur 23.10.2012

Hjalti Hugason
Laugarnesvegi 94
105 Reykjavík
(899 66 23)

Reykjavík 23. okt. 2012.

Til Eftirlits- og stjórnslunefndar Alþingis
b/t Valgerðar Bjarnadóttur form.
Alþingi
150 Reykjavík

Um gr. 19 í frumv. Stjórnlagaráðs að nýjum stjórnskipunarlögum.

Í framhaldi af fyrri afskiptum af ofangreindu máli leyfir undirritaður sér að bera fram eftirfarandi tillögu:

Í stað núv. 19. gr. í frumv. Stjórnlagaráðs komi:

Kveða skal á um stöðu þjóðkirkjunnar sem og annarra skráðra trú- og lífsskoðunarfélaga í lögum.

Nú samþykkir Alþingi breytingu á ákvæðum laga um stöðu þjóðkirkjunnar og skal þá leggja það mál undir atkvæði allra kosningabærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar.

Til skýringar:

Í ljósi niðurstaðna varðandi sp. 3 í ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu 20. okt. s.l. virðist ljóst að breyta þurfi 19. gr. í fram komnu frumvarpi þannig að um eiginlegt þjóðkirkjuákvæði verði að ræða. Í ljósi niðurstaðna varðandi sp. 1 virðist hins vegar æskilegt að lágmarksbreyting verði að gerð. Undirrituðum virðist tillagan uppfylla þessi tvö skilyrði.

Þar sem ekki var spurt um óbreytt þjóðkirkjuákvæði frá því sem nú er að finna í 62. gr. stj.skr. virðist fullt svigrúm til breytingarinnar.

Ljóst er að um eiginlegt þjóðkirkjuákvæði er að ræða þar sem þjóðkirkjuhugtakið kemur fyrir í greininni og hún áskilur þjóðkirkjunni tiltekin tengsl við ríkisvalið sem koma fram í því að málefni hennar — einkum staða — heyra undir opinberan rétt líkt og nú er.

M.t.t. trúfrelsis og mikilvægis þess að auka jöfnuð hvað trú og lífsskoðanir áhærir

telur undirritaður brýnt að ákvæðið kveði einnig á um stöðu annarra skráðra trú- og lífsskoðunarfélaga. Það samræmist og ályktun aukakirkjubings 1. sept. s.l. en þar segir:

Aukakirkjubing, haldið 1. september 2012, hvetur kjósendur til að minnast þess að hin evangelíska lúterska þjóðkirkja er samofin menningu og sögu íslensku þjóðarinnar sem og annarra norrænna þjóða. Þjóðkirkjan er opin, lýðræðisleg almannahreyfing sem heldur uppi þjónustu og mannræktarstarfi um land allt. Hún er því mikilvæg grunnstoð íslensks samfélags. Því hvetur þingið til þess að áfram verði ákvæði um þjóðkirkju í stjórnarskrá og að staða og réttindi annarra trú- og lífsskoðunarfélaga verði tryggð.

Sé þetta talið of stórt frávik frá tillögum Stjórnlagaráðs mætti fella orðin „sem og annarra skráðra trú- og lífsskoðunarfélaga“ niður. Slík væri þó slæmt frá trúarbragaðréttarlegu sjónarhorni.

Með því að segja að kveðið skuli á um „stöðu þjóðkirkjunnar“ er komist hjá því að tala um „kirkjuskipan ríkisins“ sem er orðalag sem komst inn í 2. mgr. 76. (núv. 79.) gr. stjkskr. 1920 en verður að teljast óheppilegt nú á dögum þar sem það er til þess fallið að binda ríkisvaldið um of við eina kirkjudeild. „Kirkjuskipan ríkisins“ er óþarft í 19. gr. frumv. þar sem orðalagið vísar einfaldlega til stöðu þjóðkirkjunnar einkum gagnvart hinu opinbera og því heppilegra að nefna þau tengsl án tæknilegs orðalags.

Greinin gæti áfram borið yfirskriftina Kirkjuskipan (sbr. hér næst fyrir ofan) eða Staða þjóðkirkjunnar, Staða þjóðkirkjunnar, trú- og lífsskoðunarfélaga eða Staða trú- og lífsskoðunarfélaga (en þjóðkirkjan er nú skilgr. sem trúfélag í lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997).

Til gamans má geta þess að hlst. tillaga um að kveðið yrði á um stöðu þjóðkirkjunnar í lögum koma fram 1911 en þá án áskilnaðar um þjóðaratkvæðagreiðslu.

Undirritaður er að sjálfsögðu reiðubúinn til að svara öllum spurningum nefndarinnar varðandi tillögu þessa.

Hjalte Hugason
prófessor
Guðfræði- og trúarbragðafræðideild HÍ